

Verklagsregla um uppljóstrun á lögbroti, brot á siðareglum eða annarri ámælisverðri háttsemi í starfsemi Isavia (whistleblower ferli)

1 Tilgangur og umfang

Verklagsreglu þessari er ætlað að tryggja skýrt ferli fyrir starfsfólk og ytri aðila, hér eftir nefndir uppljóstrarar, sem í góðri trú vilja tilkynna eða miðla gögnum er varðar brot á lögum, siðareglum eða annarri ámælisverðri háttsemi í starfsemi Isavia og þannig draga úr slíkri háttsemi.

Verklagsreglan tryggir vernd uppljóstrara hjá Isavia samstæðunni í samræmi við lög [40/2020 https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020040.html](https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020040.html) og kveður á um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga um hugsanleg lögbrott eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitandans.

Miðlun upplýsinga eða gagna að fullnægðum skilyrðum laga um vernd uppljóstrara telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaður er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórnsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti.

2 Ábyrgð / Umsjón

Forstjóri ber ábyrgð á gerð og innleiðingu verklagsreglunnar.

Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs hefur umsjón með framkvæmd verklagsins.

Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs, mannauðsstjóri og óháður þriðji aðili frá lögfræðiskrifstofunni Landslögum eru í nefnd um uppljóstrun. Nefndin sér um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga.

3 Lýsing verklags

Verklaginu við uppljóstrun er skipt upp í fjögur skref:

1. Miðlun
2. Móttaka
3. Meðhöndlun
4. Afgreiðsla

1. Miðlun

Starfsmaður eða aðrir aðilar sem hafa grun um eða búa yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum, siðareglum félagsins eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi félagsins eru hvattir til að tilkynna slíkt samkvæmt verklagsreglu þessari þannig að hægt sé að bregðast við hinni ólögsmætu háttsemi. Starfsmaður eða aðrir aðilar sem hefja ferlið við uppljóstrun geta miðlað upplýsingum eða gögnum í gegnum eftirfarandi fjórar boðleiðir:

1. Til næsta yfirmanns eða annars stjórnanda
2. Til nefndar um uppljóstrun á tölvupóstfangið misferli@isavia.is
3. Til óháðs utanaðkomandi aðila hjá lögfræðistofunni Landslögum í síma 571-6999
4. Á ytri vef Isavia: <https://www.kefairport.is/tilkynning-um-misferli>

2. Móttaka

Nefnd um uppljóstrun móttækur tilkynningar þar sem upplýsingar og gögn um hina ámælisverðri háttsemi koma fram og skráir hana á aðgangsstýrðu svæði í skjalakerfi Isavia. Berist upplýsingar til stjórnanda eða utanaðkomandi aðila er málinu miðlað áfram til nefndarinnar. Móttakandi upplýsinga eða gagna skal gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að leynd sé aflétt. Heimilit er þó að miðla upplýsingum sem lúta að þagnarskyldu til stjórnvalda og lögreglu.

Tilkynnandi fær staðfestingu á móttöku tilkynningar ef hún er send í gegnum töluvpóstfang með skriflegum hætti annars munnlega.

Nefndin sem móttækur tilkynninguna upplýsir tilkynnanda innan tveggja vikna hvort málið fari í meðhöndlun eða því sé vísað frá.

3. Meðhöndlun

Nefndinni ber að yfirfara tilkynninguna og meta hvort aðgerða er þörf og í hvaða farveg tilkynningin er sett til að stuðla að því að látið verði af háttseminni eða við henni brugðist. Nefndin ákveður hvort hún leiði sjálf rannsóknina eða hvort tilefni sé að úthýsa henni til lögmætra utanaðkomandi aðila. Ef tilkynning varðar starfsmann innan nefndarinnar skal í öllum tilfellum úthýsa rannsókninni til lögmætra aðila.

Nefndin tilkynnir forstjóra og stjórnanda viðkomandi sviðs þegar málið er komið í meðhöndlun. Ef tilkynning varðar forstjóra eða stjórnarmeðlim skal tilkynna stjórnarformanni. Ef tilkynning varðar stjórnarformann skal tilkynna öðrum stjórnarmeðlimum.

4. Afgreiðsla

Málið telst afgreitt þegar meðhöndlun er lokið og niðurstaða liggur fyrir. Eyða skal gögnum sem var aflað á meðan að rannsókn stóð og ekki talið nauðsynlegt að vista eftir afgreiðslu málsins.

Tilkynningarnar eru varðveittar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn.

4 Annað

Verklagsregla þessi er samþykkt af forstjóra, hún er kynnt starfsfólki og eru aðgengileg á innri og ytri vef félagsins.